



KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

**Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar**  
**3. fundur 2011 (21. fundur)**  
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 01.06.2011 kl. 9 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Steinþór Einarsson	skipulagsnefnd
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Páll Svavar Pálsson	"
Birgir Haraldsson	"
Sigurður Thoroddsen	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Sigurður H. Ólafsson	skipulags- og byggingarfulltrúi

Ómar Ingvarsson, verkefnastjóri hjá Isavia, sat fundinn undir 1. lið.

**1. Svæðisskipulag Suðurnesja 2008 – 2024, greinargerð**

Lögð voru fram drög að greinargerð með svæðisskipulagi Suðurnesja. Farið var yfir drögin og þau rædd. RUMSK hópurinn mun fara yfir drögin með tilliti til hagsmuna flugvallarins og leggja fram greinargerð þar um, sem koma mun fyrir skipulagsnefndina síðar.

Rætt var nánar um eftirtalin atriði:

- ▶ skipulagsreglur flugvallarins þurfa að koma fram í svæðisskipulaginu
- ▶ skýra þarf nánar hlutverk flugbrautar 07/25 (NA/SV)
- ▶ í greinargerðinni segir að marka þurfi stefnu um hljóðvist en hún kemur fram í reglugerð 724/2008 um hávaða og túlkun Umhverfisstofnunar á ákvæðum hennar. Aðgerðir til að ná markmiðum reglugerðarinnar gætu verið að takmarka nálægð byggðar við flugvöllinn eða draga úr flughreyfingum

Allar athugasemdir nefndarmanna við drögin eru vel þegnar og berist til formanns nefndarinnar og skipulagsfulltrúa.

**2. Erindi Airport Associates um skulpstöð**

Lagt var fram erindi Airport Associates til Isavia með afriti m.a. til formanns skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar, dags. 20.05.2011, þar sem spurst er fyrir um framkvæmdir við skolptæmingaraðstöðu á Keflavíkurflugvelli. Ennfremur var lagt fram svar skipulags- og byggingarfulltrúa Keflavíkurflugvallar, dags. 27.05.2011, við erindi Airport Associates.

**3. Afgreiðslur mála**

Lögð voru fram eftirfarandi mál:



KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

- ▶ Afrit af auglýsingu nr. 474 20.04.2011 í B-deild Stjórnartíðinda um breytingu á deiliskipulagi flugþjónustusvæðis á Keflavíkurflugvelli
- ▶ Bréf skipulagsfulltrúa til Skipulagsstofnunar, dags. 04.05.2011, varðandi upplýsingar um gildistöku deiliskipulags og deiliskipulagsbreytinga (svar við erindi Skipulagsstofnunar, dags. 07.03.2011).

#### **4. Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar**

Skipulagsfulltrúi upplýsti að verið væri að vinna að gerð skipulagslýsingar vegna fyrirhugaðrar endurskoðunar aðalskipulagsins. Skipulagslýsingin verður lögð fyrir skipulagsnefndina á næsta fundi hennar.

#### **5. Næsti fundur**

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar verður haldinn 01.07.2011.

Fleira ekki gert, fundi slitið.